



Reykjavík 8. desember 2010

Til nefndarsviðs Alþingis

Varðandi: Umsögn um þingmál 198. - Fjölmiðlalög

Kvikmyndagerðarmenn eru sammála um að í frumvarpinu sé tekið á nokkrum mjög mikilvægum málum og færi almenningi og fagfólki í kvikmyndagerð tæki og aðferðir til að mæla hvað er í raun að gerast t.d. í sjónvarpsmiðlum. Hins vegar er búið að krukka í grunnskilgreiningar á hugtakinu „sjálfstæður framleiðandi“ og ef að það verður ekki leiðrétt munum við ekki geta sætt okkur við þessi nýju lög. Einnig er orðalag í sumum tilvikum of loðið til þess að geti komið að gagni í því að framfylgja lögnum. Eftirfarandi eru okkar athugasemdir sem að mestu lúta því sem við höfum sérþekkingu á:

- Í 34 gr. er orðalagi breytt frá núgildandi lögum og teljum við það sérstaklega ámælisvert. Þar er tekin út sú skilgreining að sá sem getur talist sjálfstæður framleiðandi hafi ekki framleitt meira á síðustu 3 árum meira en 9/10 hluta af sjónvarpsefni sínu fyrir sömu sjónvarpsstöð. Þetta er grundvallaratriði fyrir sjálfstæða framleiðendur þar sem að við höfum séð ýmsar æfingar af hálfu sjónvarpsstöðva til að uppfylla skilyrði t.d. hvað varðar kaup af efni frá sjálfstæðum framleiðendum. Eitt dæmi er af starfsmanni sjónvarpsstöðvar sem kom fyrirtæki á laggirnar með það eitt að tilgangi að framleiða „innanhússsefni“ fyrir stöðina. Í framhaldi sagðist sjónvarpsstöðin uppfylla þjónustusamning hvað varðar kaup á efni frá sjálfstæðum framleiðendum á meðan að sannleikurinn er annar. Í öðru tilfelli var sjónvarpsstöð meðeigandi í framleiðslufyrirtæki og samdi um kaup af næstum öllu sínu „sjálfstætt framleidda“ sjónvarpsefni frá þessu sama fyrirtæki. *Það er kyrskýrt að slíkar skilgreiningar eru grundvallar skilgreiningar til að komast megi hjá slíkum æfingum.* Í 20. gr. reglugerðar um útvarpsstarfssemi 50/2002 segir „Dagskrárefni frá sjálfstæðum framleiðendum - Sjónvarpsstöðvar skulu, eftir því sem unnt er, sjá til þess að minnst 10% af útsendingartíma, sbr. 2. mgr. 7. gr. útvarpslaga, á ári hverju eða minnst 10% af árlegu dagskrárfé sé varið til evrópskra verka sem framleidd eru af sjálfstæðum framleiðendum. Sjónvarpsstöðvar skulu leggja áherslu á að svo stór hluti af verkum sjálfstæðra framleiðenda sem unnt er sé sýndur innan fimm ára frá því að gerð þeirra lauk. „*Það telst vera sjálfstæður framleiðandi í merkingu 1. mgr., ef ein sjónvarpstöð á ekki meira en 1/4 hluta í framleiðslufyrirtækinu eða tvær eða fleiri sjónvarpsstöðvar eiga ekki samanlagt meira en helming í fyrirtækinu, enda hafi það ekki á seinustu þremur árum framleitt meira en 9/10 hluta af sjónvarpsefni sínu fyrir sömu sjónvarpsstöð.*“ Við kvikmyndagerðarmenn leggjum **mikla áherslu á að þessi skilgreining haldist inni í nýjum fjölmiðlalögum til að tryggja gegnsæi.**
- Enn frekar um 34 gr. að þá er það okkar tillaga að þar verði gerð viðbótarkrafa við kröfuna um 10% efni frá evrópskum sjálfstæðum framleiðendum, um að 10% íslenskt efni verði keypt af sjálfstæðum framleiðendum. Okkur finnst eðlilegt að skýrar kröfur séu gerðar á íslenskar sjónvarpsstöðvar að þær sýni íslenskt sjónvarpsefni.



- Að lokum um 34.gr. að þá er það okkar tillaga að út verði tekið: „*eftir því sem unnt er*“. Þar segir: *Fjölmiðlaþjónustuveitendur sem miðla myndefni í línulegri dagskrá skulu, eftir því sem unnt er, sjá til þess að minnst 10% af útsendingartíma, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 33. gr., á ári hverju eða minnst 10% af árlegu dagskrárfé sé varið til evrópskra verka sem framleidd eru af sjálfstæðum framleiðendum. Hvers virði eru þessi lög ef að loðið orðalag gefur fjölmiðlaþjónustuveitendunum möguleika á því að skjóta sér undan þeim? Eðlilegast væri að hér væri einfaldlega kveðið á um að: „Fjölmiðlaþjónustuveitendur sem miðla myndefni í línulegri dagskrá skulu sjá til þess að minnst 10% af útsendingartíma... „*
- 8. gr. Skipan í fjölmiðlanefnd, eðlilegt væri að einn fulltrúi væri skipaður úr geira skapandi greina, t.d. að Bandalag Íslenskra Listamanna myndi tilnefna einn fulltrúa. Sá hópur hefur aðra innsýn en hinn akademíski hvað varðar þessa miðla og við teljum að það sé mikilvægt að það sjónarmið komi fram í fjölmiðlanefndinni.
- Við fögnum því að fallið hefur verið frá því að stofna sérstaka fjölmiðlastofu með tilheyrandi tilkostnaði og skriffinsku þó svo við höfum af því töluverðar áhyggjur að hér sé verið að stofna til nýs tekjuliðs á fjárlögum sérstaklega í ljósi bagalegs niðurskurðar á síðustu 2 árum.
- Við gerum athugasemd við 28. gr. sem kveður á um „Vernd barna gegn skaðlegu efni“, en þar teljum við að hér sé verið að mismuna íslenskum sjónvarpsstöðvum þar sem að ekki er hægt að stjórna t.d. að dagskrá frá öðrum skandinavískum löndum innihaldi ekki „skaðlegt efni“ á þessum tímum þar sem að tímamismunur yfir sumartímann er allt að 2klst á undan okkur. Við stingum upp á að þessi mörk verði því færð fram a.m.k. um klst.

Með vinsemd og virðingu,

Ari Kristinsson SÍK

Hrafnhildur Gunnarsdóttir FK

Hilmar Sigurðsson IKSA

Ragnar Bragason SKL

Marianna Friðjónsdóttir WIFT